

## ICELANDAIR: BIRTING ÁRSREIKNINGS 2023

---

- Hagnaður ársins 1,5 milljarðar króna (11 milljónir USD) samanborið við tap að fjárhæð 800 milljónir króna (6 milljónir USD) árið 2022
- Sterk tekjumyndun á árinu og met einingatekjur
- Fjöldi farþega á árinu 4,3 milljónir, aukning um 17%
- Sætanýting ársins 81,5%, aukning um tæp 2 prósentustig
- Jarðhræringar, eldgos og verkföll flugumferðastjóra höfðu mikil áhrif á afkomu 4. ársfjórðungs
- EBIT á 4. ársfjórðungi neikvæð um 7 milljarða króna (50,3 milljónir USD)
- Framboðs aukning í fjórðungnum 13% á milli ára og fjölgun farþega 12%
- Lausafjárstaða sterk í lok árs eða 44 milljarðar króna (323 milljónir USD)

## BOGI NILS BOGASON, FORSTJÓRI

---

„Það er mikilvægur áfangi að skila hagnaði eftir skatta fyrir árið í heild eftir krefjandi undanfarin ár. Tekjumyndun var mjög sterk á árinu og okkur gekk vel að bregðast við mikilli eftirspurn á öllum okkar mörkuðum, sér í lagi frá Norður Ameríku til Íslands. Þá var stundvísi yfir árið sú besta hjá félaginu í mörg ár og var Icelandair útnefnt eitt af 10 stundvísustu flugfélögum í Evrópu.

Undirliggjandi rekstur félagsins var sterkur á árinu, sérstaklega ef tekið er tillit til áhrifa utanaðkomandi áskorana og neikvæðrar afkomu af fraktstarfsemi sem brugðist hefur verið við. Eftir einn besta þriðja ársfjórðung í sögu félagsins byrjaði fjórði ársfjórðungur vel. Hins vegar þegar jarðhræringarnar á Reykjanesi hófust á ný snemma í nóvember með tilheyrandi umfjöllun í erlendum fjölmiðlum, fór eftirspurn að veikjast og þar með tekjumyndun. Við þetta bættust áhrif verkfalla flugumferðarstjóra og svo eldgos í desember. Jafnframt hefur mikil framboðs aukning verið á lykilmörkuðum sem setur óhjákvæmilega pressu á einingatekjur. Afkoma fjórða ársfjórðungs var því undir væntingum og hafði áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins.

Það eru spennandi tímar framundan þrátt fyrir að ljóst sé að rekstur fyrri hluta ársins verði krefjandi vegna ástæðna sem nefndar eru hér að ofan og munu fylgja okkur inn í fyrsta ársfjórðung. Við erum vel í stakk búin til að takast á við þær áskoranir og grípa þau tækifæri sem framundan eru með því að nýta þann sveigjanleika sem við höfum til að laga okkur að aðstæðum á hverjum tíma. Flug og ferðaþjónusta skipta miklu máli fyrir íslenskt efnahagslíf og samfélag. Framlag Icelandair til þjóðarbúsins í formi skattspors félagsins var 55 milljarðar á árinu 2023 og ferðaþjónustan vegur þungt í útflutningstekjum þjóðarinnar. Það er því lykilatriði að tryggja samkeppnishæfni þessara greina til framtíðar. Mikilvægur hluti af því er að kjarasamningar verði farsællega leiddir til lykta og við náum í sameiningu tókum á verðbólgunni hér á landi.

Útlitið er gott fyrir næsta sumar. Markaðurinn til Íslands er að taka við sér á ný eftir atburði síðustu vikna enda Ísland eftirsóttur áfangastaður. Þá erum við að sjá hærra hlutfall bókana yfir Atlantshafið en áður. Flugáætlun okkar á árinu 2024 verður um 11% stærri en á árinu 2023 með 57 áfangastöðum, þar af þremur nýjum – Pittsburgh, Halifax og Vágar í Færeyjum.

Ég hlakka til að takast á við verkefni þessa árs með framúrskarandi hópi starfsfólks og vil þakka þeim öllum fyrir ótrúlega seiglu og góðan árangur í krefjandi aðstæðum á síðasta ári. Þá vil ég þakka samstarfsaðilum okkar, hluthöfum og síðast en ekki síst viðskiptavinum okkar fyrir að velja Icelandair.“

## VEFÚTSENDING 2. FEBRÚAR 2024

---

Kynning á uppgjöri 4. ársfjórðungs og ársins 2023 verður í beinu streymi á <https://icelandairgroup.com>. Streymið hefst kl. 8:30 föstudaginn 2. febrúar 2024 þar sem Bogi Nils Bogason forstjóri Icelandair og Ívar S. Kristinsson framkvæmdastjóri fjármála munu fara yfir uppgjörið og svara spurningum. Fundurinn verður á ensku. Kynningin verður aðgengileg að fundi loknum á heimasíðu félagsins og undir fyrirtækjafréttum á heimasíðu Nasdaq Nordic: <http://www.nasdaqomxnordic.com/news/companynews>

## LYKILTÖLUR

		4. ársfj. 23	4. ársfj. 22	Breyting	12 mán. 23	12 mán. 22	Breyting
<b>Rekstrarniðurstaða</b>							
Rekstrartekjur	USD þús.	315,777	290,780	24,997	1,523,569	1,265,118	258,451
þar af farþegatekjur	USD þús.	258,615	235,340	23,275	1,289,927	1,047,557	242,370
Rekstrarkostnaður	USD þús.	330,880	275,383	55,497	1,367,105	1,127,392	239,713
EBIT	USD þús.	-50,257	-16,737	-33,520	20,987	18,851	2,136
EBT	USD þús.	-48,654	-13,268	-35,386	7,789	179	7,610
(Tap) hagnaður	USD þús.	-37,819	-17,791	-20,028	11,169	-5,819	16,988
<b>Efnahagur og sjóðstreymi<sup>1</sup></b>							
Eignir	USD þús.	-	-	-	1,527,676	1,411,173	116,503
Eigið fé	USD þús.	-	-	-	288,347	273,386	14,961
Vaxtab. skuldir og leiguskuldb.	USD þús.	-	-	-	638,580	597,872	40,708
Nettó vaxtab. skuldir og leiguskuldb.	USD þús.	-	-	-	352,372	325,698	26,674
Heildar lausafjárstaða	USD þús.	-	-	-	322,522	318,411	4,111
Handbært fé til/frá rekstri	USD þús.	-25,472	34,134	-59,606	215,121	190,619	24,502
Fjárfestingar, brúttó	USD þús.	40,327	62,469	-22,142	144,747	314,508	-169,761
Fjárfestingar, nettó	USD þús.	40,151	61,275	-21,124	143,780	202,290	-58,510
<b>Helstu kennitölur</b>							
Hagnaður á hlut	US sent	-0.09	-0.04	-0.05	0.03	-0.06	0.09
Eiginfjárlutfall	%	-	-	-	18.9%	19.4%	-0.5 ppt
EBIT %	%	-15.9%	-5.8%	-10.2 ppt	1.4%	1.5%	-0.1 ppt
Einingatekjur <sup>2</sup>	US sent	7.54	7.82	-4%	8.44	8.18	3%
Einingakostnaður <sup>2</sup>	US sent	9.03	8.79	3%	8.38	8.34	0%
Einingakostnaður án eldsneytis <sup>2</sup>	US sent	6.79	6.30	8%	6.23	5.72	9%
<b>Flutningatölur</b>							
Fjöldi flugferða	fjöldi	3,831	3,425	12%	16,966	14,671	16%
Fjöldi farþega	fjöldi	910,489	816,475	12%	4,285,976	3,658,511	17%
Farþegar til Íslands	fjöldi	311,249	301,957	3%	1,622,722	1,392,638	17%
Farþegar frá Íslandi	fjöldi	165,687	163,262	1%	754,198	659,280	14%
Farþegar um Ísland	fjöldi	369,516	283,723	30%	1,644,827	1,348,696	22%
Farþegar innan Íslands	fjöldi	64,037	67,533	-5%	264,229	257,897	2%
Sætanyting	%	76.7%	75.9%	0.8 ppt	81.5%	79.7%	1.8 ppt
Framboðnir sætiskm. (ASK)	millj.	3,541	3,126	13%	15,666	13,253	18%
Seldir sætiskm. (RPK)	millj.	2,718	2,374	14%	12,767	10,569	21%
Stundvísi (OTP)	%	77.5%	79.8%	-2.3 ppt	77.1%	73.6%	3.5 ppt
Seldir frakt-tonn-km. (FTK)	þús.	43,307	33,187	30%	177,448	132,029	34%
Seldir blokk tímar	fjöldi	3,851	3,918	-2%	15,388	14,666	5%
Heildarkolefnislosun (CO2) í tonnum	fjöldi	245,299	222,447	10%	1,113,467	951,109	17%
CO2 losun á hvern tonnkilómetra	nr.	0.79	0.79	0%	0.77	0.81	-6%
<b>Starfsmenn</b>							
Meðalfjöldi stöðugilda	fjöldi	3,595	3,050	18%	3,638	3,045	19%
Stöðugildi í lok tímabils	fjöldi	-	-	-	3,542	3,022	17%

<sup>1</sup> Samanburðatölur fyrir efnahag eru frá 31.12.2022<sup>2</sup> Einingatekjur/Einingakostnaður: Tekjur og kostnaður á hvern framboðinn sætiskilómetra (ASK) í leiðakerfi Icelandair

## FLUTNINGATÖLUR

---

- **Fjöldi farþega 910 þúsund á 4. ársfjórðungi, aukning um 12% á milli ára**
- **Erlend umfjöllun um jarðhræringar hafði neikvæð áhrif á eftirspurn til Íslands og þar með sætanýtingu**
- **Verkfall flugumferðarstjóra á háannatíma fyrir jól hafði sömuleiðis neikvæð áhrif á sætanýtingu**
- **Fjöldi N-Atlantshafsfarþega jókst um 30%**

Framboð mælt í sætiskilómetrum jókst um 13% á milli ára á fjórða ársfjórðungi. Jarðhræringar og eldgos á Reykjanesi á síðustu tveimur mánuðum ársins höfðu engin áhrif á flugsamgöngur til og frá Íslandi en umfjöllun erlendra fjölmiðla um atburðina hægði aftur á móti verulega á sölu flugferða til Íslands miðað við það sem áður hafði verið áætlað. Fram að fjórða ársfjórðungi hafði fjölgun farþega á milli ára verið mest á markaðinum til Íslands eða um 20%, en nam einungis 3% á fjórða fjórðungi. Eftirspurn var sterk á N-Atlantshafsmarkaðinum og var hann stærsti markaður félagsins á fjórðungnum með 41% af heildarfarþegafjölda. Farþegum fjölgaði einnig mest á þeim markaði eða um 30% á milli ára.

Fjöldi farþega á fjórðungnum nam alls 910 þúsund og jókst um 12% samanborið við fjórða ársfjórðung 2022. Sætanýting var 76,7% og jókst um tæpt prósentustig á milli ára. Þrátt fyrir að sætanýting hafi aukist frá síðasta ári var hún mun lakari en gert var ráð fyrir í upphafi fjórðungsins þar sem jarðhræringar, eldgos og verkföll flugumferðastjóra á háannatíma rétt fyrir jól höfðu verulega neikvæð áhrif. Stundvísi í leiðakerfinu var 77,5% og versnaði um 2,3 prósentustig á milli ára sem rakið er að langstærstum hluta til verkfallsaðgerðanna.

Frakt-tonnkílómetrar jukust um 30% á milli ára en flutt frakt mæld í tonnum jókst þó minna eða um 13% og skýrist munurinn af lengri flugleiðum samanborið við síðasta ár. Samdráttur var bæði í inn- og útflutningi til og frá Íslandi en magn þrefaldaðist á sama tíma á fraktmarkaðinum um Ísland. Fjöldi seldra blokk tíma í leiguflugsstarfseminni dróst saman um 2% á milli ára vegna breytinga á samsetningu fluga en tekjur á hvern blokk tíma jukust samanborið við fjórða fjórðung 2022.

Kolefnislosun á hvern tonnkílómetra stóð í stað á milli ára. Fleiri flug voru flogin á MAX flugvélum, en verkfallsaðgerðir og jarðhræringar höfðu þau áhrif að vélarnar þurftu að bera meira eldsneyti en þær annars hefðu þurft.

## REKSTUR

---

- **Jarðhræringar, eldgos og verkföll flugumferðastjóra höfðu neikvæð áhrif á afkomu**
- **Leiguflugsstarfsemin gekk mjög vel**
- **Afkomubati í fraktstarfseminni**

**EBIT afkoma** var neikvæð um 50,3 milljónir USD á fjórða ársfjórðungi og versnaði um 33,5 milljónir USD á milli ára. Umfjöllun erlendra fjölmiðla um jarðhræringar á Reykjanesi ásamt verkfallsaðgerðum flugumferðastjóra rétt fyrir jólahátíðina höfðu talsverð neikvæð áhrif á rekstur og tekjumyndun leiðakerfisins í fjórðungnum.

Þrátt fyrir að EBIT af fraktstarfseminni hafi versnað talsvert á milli ára eða um 8,4 milljónir USD, varð þónokkur afkomubati samanborið við fyrri ársfjórðung í kjölfar fjölbreyttra aðgerða sem gripið var í til þess að bæta afkomuna. Rekstur af leiguflugsstarfseminni gekk vel og var afkoman jákvæð.

**Heildartekjur** námu 315,8 milljónum USD á fjórða ársfjórðungi 2023 og jukust um 9% á milli ára. **Farþegatekjur** námu 258,6 milljónum USD samanborið við 235,3 milljónir USD á síðasta ári. **Tekjur af**

**flugfrakt** námu 21,6 milljón USD og stóðu nánast í stað á milli ára. **Leiguflugstekjur** námu 19,1 milljón USD og jukust um 8% á milli ára. **Aðrar tekjur** námu alls 16,5 milljónum USD og jukust um 2% á milli ára.

**Rekstrargjöld án afskrifta** námu 330,9 milljónum USD og jukust um 20% eða um 55,5 milljónir USD á milli ára. **Laun og launatengd gjöld** námu 104,8 milljónum USD samanborið við 83,8 milljónir USD á fjórða ársfjórðungi síðasta árs sem er aukning um 25%. Ástæður þessarar hækkunar eru meira umfang í starfseminni og miklar launahækkunar á Íslandi, þar á meðal fyrsta launahækkun flugstétta frá árinu 2020 sem tóku gildi frá 1. júní fyrir flugmenn og 1. september fyrir flugfreyjur og -þjóna. Styrking íslensku krónunnar á móti Bandaríkjadal kom einnig til hækkunar á launakostnaði, en hann er nær eingöngu í íslenskum krónum. Stöðugildi voru að meðaltali 3.595 í fjórðungnum og jukust um 18% milli ára. **Eldsneytiskostnaður** nam 87,8 milljónum USD í fjórðungnum og jókst einungis um 2% á milli ára þrátt fyrir 13% framboðs aukningu í farþegafluginu. Heimsmarkaðsverð á eldsneyti lækkaði og nam vegið eldsneytisverð félagsins, að teknu tilliti til afgreiðsluálags og varna, 1.037 USD á hvert tonn og lækkaði um 12% samanborið við síðasta ár. **Annar flugtengdur kostnaður** nam 59,6 milljónum USD samanborið við 42,6 milljónir USD á fjórða ársfjórðungi 2022. Hækkun afgreiðslu-, landingar- og yfirflugs gjalda umfram framboðs aukningu í leiðakerfinu skýrist af miklum verðhækkunum þjónustuaðila. Viðhaldskostnaður nam 24,4 milljónum USD og jókst um 7,3 milljónir USD samanborið við síðasta ár. Að teknu tilliti til uppgjors vegna skila á einni leiguflugvél sem gert var í fjórða fjórðungi síðasta árs og kom til lækkunar á kostnaði eru frávikin tæpar 3 milljónir USD og skýrast af aukinni framleiðslu og hærri viðhaldskostnaði hreyfla á B737 MAX vélunum. **Annar rekstrarkostnaður** var 78,8 milljónir USD, og jókst um 16,2 milljónir USD, aðallega vegna meiri umsvifa í rekstri farþega leiðakerfisins.

**Hreinar fjármunatekjur** námu 2,0 milljónum USD á 4. ársfjórðungi 2023 samanborið við hrein fjármagnsgjöld að fjárhæð 1,4 milljónir USD á 4. ársfjórðungi síðasta árs. Vaxtatekjur af bankainnstæðum og öðrum markaðsverðbréfum vógu upp hærri fjármagnskostnað á milli ára. Hluti fjármunatekna fjórðungsins voru vegna alls ársins 2023.

**Einingatekjur**<sup>3</sup> á fjórða fjórðungi 2023 námu 7,5 US sent og lækkuðu um tæp 4% á milli ára þar sem ytri þættir, eldgos og verkföll höfðu talsverð áhrif. **Einingakostnaður**<sup>4</sup> var 9,0 US sent, og hækkaði um tæp 3% á milli ára. Einingakostnaður án eldsneytis, jókst um 8% á milli ára og skýrist það að mestu leyti af launahækkunum og verðlagshækkunum á aðkeyptri flugtengdri þjónustu.

## EFNAHAGUR OG SJÓÐSSTREYMI

---

- **Eigið fé 288 milljónir USD og eiginfjárlutfall 19%**
- **Lausafé USD 323 milljónir**

### Efnahagsreikningur

**Heildareignir** námu 1,5 milljarði USD í árslok 2023 og jukust um 116,5 milljónir USD frá því í byrjun árs. Varanlegir rekstrarfjármunir námu 555,1 milljón USD og jukust á tímabilinu um 49,5 milljónir USD vegna kaupa á einni Bombardier Dash 8 Q400 flugvél, viðhaldi flugvéla og yfirhali á hreyflum, ásamt fjárfestingum í nýjum höfuðstöðvum. Leigueignir námu 348,5 milljónum USD og jukust um 29,5 milljónir USD á árinu vegna samninga um eina B767-300 fraktvél og tvær B737 MAX8 flugvélar. **Eigið fé** nam 288,3 milljónum USD og eiginfjárlutfall í lok fjórðungsins var 19%, það sama og í byrjun árs. **Vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar** námu alls 638,6 milljónum USD og jukust um 40,7 milljónir USD frá því í byrjun árs, að mestu vegna flugvélatengdra fjárfestinga. **Nettó vaxtaberandi**

<sup>3</sup> Tekjur á hvern framboðinn sætiskílómetra (ASK)

<sup>4</sup> Kostnaður á hvern framboðinn sætiskílómetra (ASK)

**skuldir og leiguskuldbindingar** námu 352,4 milljónum USD og jukust um 26,7 milljónir USD samanborið við byrjun árs.

### Sjóðsstaða

**Handbært fé og markaðsverðbréf** námu 270,5 milljónum USD í lok árs 2023 og lækkuðu um 101,2 milljónir USD á fjórða ársfjórðungi. **Nettó sjóðsstreymi til rekstrar** á fjórðungnum nam 25,5 milljónum USD. **Nettó fjárfestingahreyfingar** námu 24,1 milljón USD. Fjárfestingar námu 40,2 milljónum USD og voru að stærstum hluta í hreyflayfirhali ásamt öðrum flugvélatengdum fjárfestingum. **Nettó fjármögnunarhreyfingar** námu 38,2 milljónum USD vegna endurgreiðslu vaxtaberandi lána og rekstrarleiguskuldbindinga. Óáðregnar lánalínur félagsins nema 52,0 milljónum USD og að teknu tilliti til þeirra er **lausafjárstaðan** í lok desember 322,5 milljónir USD.

## SJÁLFBÆRNI

---

### Áframhaldandi áhersla á sjálfbærni

Sjálfbærni er samofin stefnu Icelandair og lítur félagið þar til efnahags, samfélags, umhverfis og góðra stjórnarháttá. Ávinningur flugs og ferðapjónustu er ótvíræður, sérstaklega fyrir eyþjóð eins og Ísland. Ferðapjónustan er mjög mikilvæg þegar kemur að útflutningstekjum þjóðarinnar og skattspor Icelandair nam 55,3 milljörðum króna (USD 401 milljónir) á árinu 2023 og jókst um 22%. Þá er Icelandair einn stærsti vinnuveitandi landsins og var með að meðaltali 3.638 stöðugildi á árinu 2023 eða 19% fleiri en á árinu 2022.

Loftslags- og umhverfismál eru efst á baugi þegar kemur að áherslum Icelandair í sjálfbærnimálum. Félagið hefur sett sér metnaðarfull loftslagsmarkmið og hefur dregið úr kolefnislosun á hvern tonnkilómetra um 15% frá árinu 2019. Þessi árangur er fyrst og fremst vegna áherslu félagsins á endurnýjun flugflotans með nýrri kynslóð sparneytnari flugvéla. Í sjálfbærnistefnu sinni leggur Icelandair einnig áherslu á jafnréttismál og vinnur að settum markmiðum um að bæta kynjajafnrétti á meðal stjórnenda og í flugtengdum störfum. Á árinu 2023 var hlutfall kvenflugmanna 14% samanborið við 11% á árinu 2022. Flugþjónar voru 15% á árinu 2023 samanborið við 14% á árinu 2022. Þá gerði félagið samstarfssamning við Tækniskólann á árinu um að styðja við og kynna flugvirkjanám og störf á Íslandi með áherslu á að höfða til fjölbreyttari hóps. Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn var 38% í lok árs 2023 samanborið við 33% í lok árs 2022.

Icelandair hefur á undanförunum árum birt sjálfbærniupplýsingar samkvæmt ESG leiðbeiningum Nasdaq en nú er unnið að því að innleiða evrópska reglugerð um birtingu sjálfbærniupplýsinga, CSRD (e. Corporate Sustainability Reporting Directive) og nýja staðla sem henni fylgja, ESRS (e. European Sustainability Reporting Standards).

## HORFUR

---

### Bókunarstaða

Þrátt fyrir að jarðhræringar og eldgos á Reykjanesi í nóvember og desember hafi ekki raskað flugáætlun Icelandair, hafði alþjóðleg umfjöllun um atburðina veruleg áhrif á þróun bókana á fjórða ársfjórðungi sem hefur neikvæð áhrif á tekjumyndun fyrstu mánuði ársins 2024. Dregið hefur úr þessum neikvæðu áhrifum á fyrstu vikum nýs árs. Atlantshafsmarkaðurinn sýnir töluverð styrkleikamerki og er hlutfall bókana þar mun hærra en á sama tíma í fyrra. Það er jafnframt góð eftirspurn á markaðnum frá Íslandi. Heilt yfir litast fyrri helmingur ársins af mikilli framboðs aukningu til og frá Íslandi og eru dæmi um að flugfélög séu að bjóða fargjöld sem eru ekki sjálfbær til lengri tíma. Þessi framboðs aukning er mun minni þegar kemur fram á sumar og tekjumyndun fyrir sumarið lítur vel út.

## Framboð 2024

Framboðsaukning félagsins á milli ára er um 11%. Vöxturinn kemur að megninu til fram á fyrri hluta ársins og með áherslu á áfangastaði í Norður-Ameríku þar sem eftirspurn hefur verið mjög sterk. Icelandair hóf jafnframt áætlunarflug til Verona í lok árs 2023 og til Innsbruck í janúar 2024 til að mæta sterkri eftirspurn frá Íslandi til skíðasvæða í Evrópu. Alls mun Icelandair fljúga til 57 áfangastaða á árinu og hefur kynnt til sögunnar þrjú nýja áfangastaði sem koma inn í leiðakerfið í vor og sumar en þeir eru Pittsburgh, Halifax og Vágar í Færeyjum.

## Gert ráð fyrir viðsnúningi í fraktstarfsemi árið 2024

Fraktstarfsemi félagsins var mjög krefjandi á árinu 2023 og var gripið til ýmissa aðgerða á seinni hluta ársins til að bæta reksturinn. Annarri af tveimur fraktvélum félagsins var komið í langtímaleiguverkefni ásamt því að flugáætlun var aðlöguð að eftirspurn á mörkuðum. Árangur þessara aðgerða skilaði sér í rekstarbata á síðasta fjórðungi ársins og er gert ráð fyrir rekstrarhagnaði (EBIT) af starfseminni árið 2024 samanborið við töluvert rekstrartap á árinu 2023.

## Leiguflugsstarfsemin gengur vel

Leiguflugsstarfssemin gekk vel á árinu 2023 og horfur fyrir árið 2024 eru góðar. Einni vél verður bætt við hjá stærsta viðskiptavini félagsins á vormánuðum sem mun, eftir aukninguna, leigja fimm vélar af félaginu. Heimsferðir félagsins ganga vel og mun slíkum verkefnum fjölga í ár. Einni vél hefur verið bætt við flotann til viðbótar við þær tvær vélar sem sinntu slíkum verkefnum á síðasta ári.

## Endurnýjun flugflotans heldur áfram

Alls verða 42 vélar nýttar í farþegaleiðakerfinu næsta sumar, þar af verða 21 Boeing MAX vél eða þremur fleiri en sumarið 2023. Í júlí á síðasta ári undirritaði Icelandair samning við Airbus um kaup á 13 Airbus A321XLR flugvélum og kauprétt á 12 vélum til viðbótar. Afhending vélanna hefst árið 2029. Icelandair hefur einnig gengið frá langtímaleigusamningum um sjö nýjar A321LR flugvélar. Afhending fjögurra véla er áætluð veturinn 2024-2025 og þriggja veturinn 2025-2026. Undirbúningur fyrir innleiðingu vélanna er hafinn en þær munu auka sveigjanleika leiðakerfisins og skapa tækifæri til framtíðarvaxtar ásamt því að styðja enn frekar við sjálfbærnimarkmið félagsins.

## Staða eldsneytisvarna

Staða eldsneytisvarna félagsins 31. janúar 2024 er dregin fram í töflunni hér á eftir. Taflan sýnir að 41% af áætlaðri notkun næstu 12 mánuði í farþegaflugi er varin með samningum á verðinu 834 USD á hvert tonn.

Tímabil	Magn varið í tonnum	% af áætlaðri heildarmotkun	Vegið meðal verð USD
1. ársfj. 2024	30.600	56%	839
2. ársfj. 2024	42.000	45%	844
3. ársfj. 2024	55.990	45%	826
4. ársfj. 2024	12.450	17%	818
<b>12 mánuðir</b>	<b>141.040</b>	<b>41%</b>	<b>834</b>
Q1 2025	5.810	10%	791
Q2 2025	7.550	8%	775
<b>13-18 mánuðir</b>	<b>13.360</b>	<b>9%</b>	<b>782</b>

## AFKOMUHORFUR 2024

Á síðustu mánuðum höfðu ýmsir þættir áhrif á rekstur Icelandair, eins og verkföll, jarðhræringar og ósjálfbær fargjöld ýmissa flugfélaga á lykilmörkuðum. Það ríkir enn nokkur óvissa vegna margra þessara þátta, ásamt því að ekki liggur fyrir hvernig samið verður á íslenskum vinnumarkaði. Þar af leiðandi mun

félagið ekki gefa út nákvæma afkomuspá, en gerir ráð fyrir að skila betri rekstrarafkomu á árinu 2024 en 2023, bæði þegar horft er til EBIT og hagnaðar eftir skatta.

## FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

---

**Fjárfestar:** Íris Hulda Þórisdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla. Netfang: [iris@icelandair.is](mailto:iris@icelandair.is)

**Fréttamiðlar:** Ásdís Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta og sjálfbærni. Netfang: [asdis@icelandair.is](mailto:asdis@icelandair.is)

## FJÁRHAGSDAGATAL

---

- Aðalfundur 7. mars 2024
- 1. ársfjórðungur 2024 - 24. apríl 2024
- 2. ársfjórðungur 2024 - 18. júlí 2024
- 3. ársfjórðungur 2024 - 17. október 2024
- 4. ársfjórðungur 2024 - 1. febrúar 2025